

3. gr.

63

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937. 15. apríl

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937. Skatturinn hefur lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og gengur á undan öllum sammingsbundnum veðum í 2 ár frá gjalddaga að telja.

6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar frá 20. apríl 1938 og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð frá 28. febrúar 1940.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

64

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akranes, nr. 118 30. desember 1937. 26. apríl

1. gr.

Eftirgreind hafnargjöld má innheimta með 50% álagi:

- a. Lestargjald, samkv. a-, b- og c-lið 14. gr.
- b. Vörugjald, samkv. 1.—12. flokki, 15. gr.
- c. Bryggjugjald, samkv. síðari málsg. 20. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 1941.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 64 8. september 1931 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. apríl 1941.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.